

Rýniferð 2026 - Írland 21. - 30. ágúst


RÝNIFERÐIR fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga sem hófust árið 1998 á vegum Tæknifræðingafélags Íslands hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda. Nú er stefnt á 26. ferðina, að þessu sinni er ferðinni heitið til Írlands, dagana 21. – 30. ágúst 2026. Ferðin er opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt maka eða öðrum ferðafélaga. Skipulag ferðarinnar miðast við 120 þátttakendur að hámarki. Dagskráin, sem enn er í vinnslu, er unnin í samstarfi við írsku verkfæðingafélagið. Nánari dagskrá verður send út um miðjan mars. **Skráning í ferðina hefst fimmtudaginn 15. janúar kl. 9:00. (Sjá upplýsingar neðst í skjali).**



Ferðatilhögun:

Flugið verður til Dublin með Icelandair föstudaginn 21. ágúst kl 7.30. Flugtími er 2 klst. og 35 mín. Heimferð með Icelandair sunnudaginn 30. ágúst kl 12.15 landing í Keflavík kl.13.50.

Eftir landingu í Dublin verður ekið (4. Klst.) í rútum til bæjarins Killarney sem í suðvesturhluta Írlands. Þar verður gíst í þrjár nætur á The Brehon Hotel and Spa, morgunmaturlinninn. Hótelíð er staðsett við enda Killarney þjóðgarðsins og er í 1.5 km fjarlægð frá miðbæ Killarney sem talinn er enn fallegasti bær Írlands.



[The Brehon Hotel & Spa | 4 Star Hotels In Killarney | Killarney Hotel](#)

Meðan dvalið verður í Killarney, 21.- 24. ágúst verður farin dagsferð þar skoðaðar verða nokkrar af fallegustu náttúruperlum Írlands. Auk þess er stefnt að því að heimsækja Liebherr kranaverksmiðjuna, sem er á svæðinu. Liebherr er einn stærsti vinnuvélaframleiðandi í heiminum í dag.. Einnig verður í boði ferð fyrir maka og ferðafélaga meðan á dvöl stendur.

Eftir þriggja náttu dvöl í Killarney verður farið með rútum til Dublin þar sem gist verður næstu sex nætur í einstökum 12. aldar kastala, Clontarf Castel, sem er með mikla sögu og staðsettur er í 15 mínútna akstursfjarlægð frá miðbæ Dublin. Gist verður í deluxe herbergjum með morgunmat. Föstudaginn 28. ágúst verður hátíðarkvöldverður á hótelinu þar sem í boði verður Riverdance sýning og hljómsveit mun leika fyrir dansi fram á kvöld.



[Clontarf Castle Hotel Dublin | Luxury 12th-Century Castle Hotel in Ireland](#)

Í Dublin verður meðal annars farið í heimsókn til írska verkfræðingafélagsins [Engineers Ireland > Engineers Ireland homepage](#) sem kynna mun starfsemi félagsins og verkefni á Írlandi. Farið verður í skoðunarferð um Dublin og nágrenni auk þess verða tæknifyrirtæki og/eða framkvæmdasvæði heimsótt. Þá er ráðgert að fara í dagsferð til Belfast sem er höfuðborg Norður Írlands og skoða m.a. Titanic safnið en skipið var smíðað í Belfast og sjósett 1912.

Kostnaður:

Kostnaður við ferðina er áætlaður á mann um 400 - 430 þús. kr. í tveggja manna herbergi og um 550- 580 þús. kr. í eins manns herbergi.

Innifalið: Flug, hótलगisting í níu nætur með morgunmat, rúta til og frá flugvelli, hátíðarkvöldverður og skemmtun 28. ágúst, þrír aðrir málsverðir, allar skoðunarferðir o.fl. Vakin er athygli á því að þeir félagsmenn VFÍ sem eru sjóðfélagar í starfsmenntunarsjóðum félagsins geta sótt um styrk til ferðarinnar.

Skráningar:

Tekið verður við skráningum **frá og með fimmtudeginum 15. janúar kl. 9:00 á netfangið:**

skrifstofa@verктаekni.is. Skráningar fyrir þann tíma eru ekki teknar gildar.

Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við skráningu:

Nafn–Kennitala–Netfang– Símanúmer Eftir að skráningu lýkur verður send út beiðni um greiðslu staðfestingargjalds kr. 65.000 á farþega. Greiða skal gjaldið fyrir **8. febrúar 2026**.

Staðfestingargjald er ekki endurgreitt nema takist að selja sæti þeirra sem forfallast.

Fararstjórn: Jóhannes Benediktsson, Hreinn Ólafsson, Eva Yngvadóttir.